

2. desember 2014

Hér að neðan er umsögn frá [865. fundi](#) bæjarráðs Ísafjarðarbæjar um frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (afnám lágmarksútsvars), 29. mál., sem haldinn var mánudaginn 1. desember sl.:

**„7. 2014110048 – Frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (afnám lágmarksútsvars)**

*Bæjarráð Ísafjarðarbæjar leggst alfarið gegn því að ákvæði um lágmarksútsvar sveitarfélaga verði afnumið. Með slíkri aðgerð væri ýtt undir aðstöðumun á milli sveitarfélaga á landinu og samkeppni þeirra á milli. Jafnframt væri hætt á því að ójöfnuður í samfélaginu mundi aukast þar sem einstaka sveitarfélög gætu boðið útsvarsprósentu sem væri miklum meirihluta þeirra ómögulegt að bjóða. Þá er líklegt að skekkja myndi myndast á milli þess hvar fólk býr og hvar það þiggur sína þjónustu.*

*Rökin fyrir lögbindingu lágmarksútsvarshlutfalls eru þau að allir íbúar landsins sem greiða skatt af tekjum sínum á annað borð skuli greiða sinn lágmarkshluta af kostnaði við þá samfélagsþjónustu sem sveitarfélögin veita íbúum landsins. Þau rök eiga jafnvel við nú og þegar löggin um tekjustofna sveitarfélaga voru samþykkt árið 1995.“*

Virðingarfyllt,  
Þórdís Sif Sigurðardóttir